

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík, 3. nóvember 2008
Tilvísun: UST20081000072/bs

Efnistaka úr farvegi árinnar Jóku vegna lagningar Hringvegar milli Litla-Sandfells og Haugár á Fljótsdalshéraði. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 10. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Fyrirhugað er að taka um 74.000 m³ úr áreyrum Jóku. "Efnistökusvæðið verður um 60 m breitt um 600 m langt og um 2-3 m djúpt. Bakkar farvegar verða óreglulegir þannig að efnistakan verði minna áberandi."

Umhverfisstofnun telur að áætlun Vegagerðarinnar um efnistöku og frágang í favegi Jóku ætti að tryggja að sjónraen áhrif efnistökunnar verði eins lítil og kostur er.

Að teknu tillit til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreind efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Talsvert hefur verið um efnistöku úr árfarvegum á undanförnum árum. Ekki hefur verið gerð grein fyrir hversu hratt efni berst að nýju í farvegina. Umhverfisstofnun bendir á að mæla mætti snið um farveg Jóku að efnistöku lokinni þannig að unnt væri að fylgjast með hversu mikið efni berst árlega í farveginn, þannig að mögulega væri unnt að meta hversu hratt efni berst að nýju á efnistökusvæði í sambærilegum árkeilum.

Virðingarfyllst,

Björn Stefansson



Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri